

Nd.

121. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 88 frá 1941, um girðingar til varnar gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykkta um fjárskipti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Breytingin, sem farið er fram á, að gerð sé á gildandi lögum, er, að ákvæðið um skilyrði fyrir atkvæðisrétti, að framteljandi hafi átt 25 kindur eða fleiri við síðasta skattframtal, breytist þannig, að framteljandi hafi átt þær, áður en veikin kom í fé hans.

Þessa breytingu telur nefndin eðlilega og sanngjarna og mælir með, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 1. marz 1944.

Bjarni Ásgeirsson,
form.

Jón Pálmason,
fundaskr.

Jón Sigurðsson,
frsm.

Emil Jónsson.

Sigurður Guðnason.